

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

102. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. febrúar 2011 kl. 09:30 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Skipulag refa- og minkaveiða 2011-2014.

### Afgreiðslur:

1. Landbúnaðarráð leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að auglýsa eftir veiðimönnum til að annast refa- og minkaveiðar í sveitarfélaginu frá 2011 - 2014. Miðað verði við sömu svæðaskiptingu og verið hefur sl. ár með þeirri undantekningu að veiðisvæði milli Miðfjarðar og Víðidals taki mið af eldri sveitarfélagamörkum en greni í landi Stóra-Hvarfs við Bjarnafoss tilheyri veiðisvæði Miðfjarðar.

#### Grenjavinnsla/refaveiði:

Landbúnaðarráð leggur til að greiðsla fyrir leit og vinnslu grenja verði sem hér segir: Greiða skal fasta fjárhæð fyrir hvert unnið grendýr bæði fullorðin dýr og yrðlinga kr. 14.500- auk vsk. Greiðsla þessi er vegna grenjaleitar á þekktum grenjum, verðlauna fyrir hvert unnið dýr, vinnulauna og aksturs. Taka skal fram að einungis ráðnum veiðimönnum er heimilt að stunda veiðar á ref á grenjatíma. Eftir 1. maí 2011 verða ekki greidd verðlaun fyrir refi veidda utan grenjatíma.

#### Minkaveiði:

Landbúnaðarráð legur til að greiðsla fyrir minkaveiði verði sem hér segir:

1. Fyrir akstur skal greiða kr. 60- pr. km.
2. Fyrir leit skal greitt tímakaup kr. 1.100- auk. vsk. pr. klst.
3. Fyrir hvert unnið dýr skal greiða kr. 3.500-  
Verðlaun fyrir veiddan mink eru einungis greidd ráðnum veiðimönnum.  
Þrátt fyrir ofangreint er landbúnaðarráði heimilt að semja við ráðna veiðimenn um breytt fyrirkomulag minkaveiða á einstökum svæðum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:00

Skúli Þórðarson(sign.),  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),

Þorsteinn B. Helgason(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).